



Nafn 1
Nafn 2
Heimilisfang
Póstnr og Bæjarfélag

Þjóðræknisfélag Íslendinga

Ritstjórn:
Unnur Ýr Kristinsdóttir
Halldór Árnason (Ábm.)

Fréttablað PFÍ

2.tbl 15. ágúst 2016

ÞJÓÐRÆKNISÞING 2016

TÍMARIT

Sunna Pam Fursteau nýr forseti INL of NA	2
Brad Hurst: Fyrsti Snorrinn í æðstu stjórn INL of NA	2
Egill Helgason og Soffía Óskarsdóttir ný í stjórn	2
Jákvæð og þakklát ungmenni í Snorra- 2016	3
Afmælishátíð Vestur- farasetursins á Hofsósi	3
Michelle Valberg á Þjóð- ræknisþingi	4
Málþing um KÁINN árið 2017	4

Þjóðræknisþing PFÍ verður haldið sunnudaginn 28. ágúst nk. að Hótel Natura í Reykjavík og hefst kl. 14. Sem fyrr er þinginu ætlað að efla tengsl Íslendinga við frændur okkar og vini afkomendur Íslendinga sem fluttu vestur um haf. Dagskrá Þjóðræknisþingsins er fjölbreytt að vanda. Nýkjörinn forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson flytur ávarp í upphafi þingsins sem og Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra. Illugi er nýkomin úr ferð um Íslendingabyggðir þar sem hann var heiðursgestur á Íslendingahátíðunum í Mountain og Gimli. Einnig ávarpa þingið Robert C. Barber, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi og Sunna Pam Furstenau, forseti Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi. Michelle Valberg ljósmyndari af íslenskum ættum segir frá starfi sínu í íshafinu í máli og myndum. Hjálmar W. Hannesson segir frá starfi sínu sem ræðismaður Íslands í

Winnipeg. Jóel Friðfinnsson bóndi í Geysisbyggð í Manitoba flytur erindi um örnefni á Nýja Íslandi og aðferðafræði íslenskra landnámsmanna við nafngiftir jarða sinna í Vesturheimi. Loks segja ungir íslenskir þátttakendur í Snorra West verkefninu frá fjögra vikna ferð þeirra á Íslendinga-slóðir í sumar.

Á milli atriða syngur vestur-íslenska vísnaðsöngkonan Lisa Sigurgeirson Maxx eigin lög og texta við undirleik Michael Darragh.

Félagsmenn PFÍ eru hvattir til að mæta á þingið og taka með sér gesti. Aðgangur er öllum ókeypis.



Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands ávarpar þingið

LISA SIGURGEIRSON MAXX SYNGUR Á ÞJÓÐRÆKNISÞINGI

Vestur-íslenska tónlistarkonan Lisa Sigurgeirson Maxx kemur fram á Þjóðræknisþinginu 28. ágúst nk. Hún er hreykin af íslensku ætterni sínu. Afi hennar var fæddur á Hecla eyju árið 1893 en amma hennar fæddist í Selkirk árið 1909. Þau voru bæði fædd af íslenskum landnemum. Fjölskyldan flutti á stríðsárunum frá Manitoba vestur til Steveston í Bresku Kólumbíu. Þar

fæddist Lisa og hefur alið sinn aldur. Lisa semur sín lög og texta í samstarfi við undirleikara sinn Michael E. Darragh. Textar laganna spegla reynsluheim söngkonunnar og varða m.a. íslenskan uppruna hennar. Lisa kom til Íslands árið 2013 ásamt systur sinni og ferðuðust um slóðir forfeðra og formæðra sinna.



Lisa og Michael

Sunna Pam Fursteau nýr forseti INL of NA

Á ársþingi Þjóðræknisfélaga Íslendinga í Vesturheimi (INL of NA) sem haldið var í Vancouver í lok apríl sl. var Sunna Pam Furstenau kjörin forseti samtakanna. Tekur hún við af Claire Eckley frá Minneapolis. Sunna er vel þekkt á Íslandi og hefur flutt erindi á þjóðræknisþingum og víða um land um þá lífsfyllingu sem áhugi hennar á íslenskum rötum sínum hefur fært henni. Sunna ólst upp í Garðar-byggð nærri Mountain í Norður-Dakota en er búsett í nágrenni

við borgina Fargo. Fyrir fáeinum árum festi hún ásamt Jeff manni sínum kaup á ættfræðigrunni Hálfðans Helgasonar sem hægt er að nálgast undir síðunni www.icelandicroots.com. Öll vinna á vegum Icelandic Roots er sjálfbóðastarf og það fé sem aflast með keyptum aðgangi að vefnum fer í að styrkja verkefni sem stuðla að auknum samskiptum Íslendinga og Vestur-Íslendinga. Fjölmargir ungir þátttakendur í Snorra verkefnum hafa notið fjárhagsstuðnings frá Icelandic Roots. Sunna Pam kemur til Íslands í ágúst og mun ávarpa Þjóðræknisþingið.




Sunna Pam Furstenau

BRAD HIRST: FYRSTI SNORRINN Í ÆÐSTU STJÓRN INL OF NA

Brad Hirst var í lok apríl sl. kjörinn 1. varaforseti Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi. Hann er þar með fyrsti þátttakandinn í Snorra verkefni sem kemst til æðstu metorða innan heildarsamtakanna. Brad er frá Selkirk í Manitoba og kom hingað til lands sem Snorri sumarið 2002. Hann

starfar sem fasteignasali en hefur um langt árabíli verið forstöðumaður sumarþúða fyrir börn af íslenskum ættum Icelandic Camp sem haldnar eru í júlí mánuði ár hvert í nágrenni við Gimli. Brad er mikill áhugamaður um rugby og hefur nokkrum sinnum

komið til Íslands og haldið námskeið í þeirri íþrótt. Enginn vafi er á að á næstu árum munu Snorrarnir verða áberandi í starfsemi Þjóðræknisfélaga Íslendinga víða um Norður Ameríku.



Brad Hirst

Egill Helgason og Soffía Óskarsdóttir ný í stjórn ÞFÍ

Aðalfundur Þjóðræknisfélags Íslendinga var haldinn 20. apríl sl. í fundarsal í Þjóðar-bókhöðunni í Reykjavík. Á dagskrá voru venjuleg aðalfundarstörf. Stewart Wheeler, sendiherra Kanada á Íslandi og Robert Cushman Barber, sendiherra Bandaríkjanna ávörpuðu fundinn. Þeir lögðu áherslu á mikilvægi Snorraverkefnanna til að efla menningarleg tengsl milli Íslands og Norður-Ameríku. Hétu þeir áframhaldandi stuðningi sendiráðanna við Þjóðræknisfélagið og starfsemi þess. Halldór Arnason var endurkjörinn formaður félagsins. Nýir í stjórn eru þau Egill Helgason og

Soffía Óskarsdóttir. Aðrir í stjórn eru Eydis Egilsdóttir, Gylfi Kristinsson, Hulda Karen Danielsdóttir og Þorvarður Guðlaugsson. Varamenn eru Svavar Gestsson, Kristín M. Jóhannsdóttir og Skarphéðinn Berg Steinarsson. Fulltrúar afkomenda íslenskra landnema í Vesturheimi eru Jóel Friðfinnsson, Arborg, Manitoba og Sunna Pam Furstenau, Fargo, Norður Dakota. Að loknum aðalfundarstörfum flutti **Alda B. Möller, MA-nemi í íslensku**, erindi sem hún nefndi: „*Þarf eg skjaldnast að kvarta yfir vinnu leisu*“: *Tveir íslenskir athafnamenn í Vesturheimi og móðurmálið í meðförum þeirra. Í erindinu*

benti Alda á athyglisverð áhrif frá ensku málumhverfi þeirra Helga Einarssonar, fiskimanns í Narrows í Kanada (1870–

1961) og Jósefs Jónssonar Myres, stórbónda í Norður-Dakóta (1879–1974) en ekki síður hversu föst tók þessir menn höfðu á móðurmálinu eftir áratuga dvöl vestra.



Egill Helgason



Soffía Óskarsdóttir

JÁKVÆÐ OG ÞAKKLÁT UNGMENNÍ Í SNORRA-2016

Sextán ungmenni, 12 frá Kanada og 4 frá Bandaríkjunum, tóku þátt í **Snorra-verkefninu** í sumar. Að þessu sinni voru 7 drengir og 9 stúlkur. Alls bárust 27 þátttökubeiðnir, fleiri en nokkru sinni.

Eftir að tveggja vikna náms- og menningardagskrá lauk í Reykjavík dvöldu þau hjá ættingjum og vinum víða um land í þrjár vikur og kynntust daglegu lífi og starfi. Má þar nefna: Borgarnes, Stykkishólm, Skagafjörð, Dalvík, Akureyri, Egilsstaði, Reyðarfjörð, Hvalsöhl, Selfoss og Reykjavík. Snorraverkefnið á þeim fjölmörgu fjölskyldum sem tóku á móti sínum „Snorrum“ mikið að

þakka sem og þeim stöðum sem tóku þá í starfsþjálfun og styrktu verkefnið. Síðustu vikuna ferðuðust Snorrarnir saman um landið. Farið var um Borgarfjörð, Húnaþing og að Vesturfarasetrinu á Hofsósi. Eftir ferð upp í Drangey var farið um Vestfirði og til Stykkishólms. Lokaverkefni þátttakenda voru fjölbreytt og mikill metnaður settur í kynningu þeirra í útskriftarathöfn á Northern Light Inn við Bláa lónið þann 21. júlí sl. Augljóst var að dvölin hafði djúpstæð áhrif á alla þátttakendur. Allir héldu af landi brott sáttir en með tár á hvarmi.

Fjögur íslensk ungmenni voru valin í **Snorra West** verkefnið

úr tíu manna hópi og hófst 4 vikna dvöl þeirra í Minneapolis 7. júlí sl. Auk þess var farið á Íslendingaslóðir í Minnesota, Norður-Dakóta og Manitoba. Meðal annars tóku þau þátt í Íslendingadeginum í Gimli. Þátttakendur munu lýsa upplifun sinni á Þjóðræknisþinginu 28. ágúst nk. Á næsta ári verður farið til Utah, Alberta og Saskatchewan. Umsóknarfrestur verður til 17. febrúar 2017. Upplýsingar um öll verkefni eru á www.snorri.is

Snorri Plus. Þann 17. ágúst nk. koma 20 eldri Snorrar til Íslands. Að vanda dvelur hópurinn eina viku í Reykjavík

og sækir fróðlega fyrirlestra sem fara fram í Hannesarholti. Móttaka fyrir ættingja þátttakenda verður á skrifstofu Norræna félagsins fimmtudaginn 18. ágúst. Þátttakendur heimsækja vinnustaði sem tengjast störfum sem þau hafa sinnt heima fyrir. Hópurinn tekur þátt í Menningarnótt og Reykjavíkumaraþoni áður en haldið farið er í vikuféð um austur- og norðurland og Snæfellsnes. Kveðjuathöfn fyrir hópinn verður í Bláa Lóninu að kvöldi 31. ágúst.



Snorrar 2016



Snorrar West 2016

Afmælishátíð Vesturfarasetursins á Hofsósi 9. júlí sl.

Vegleg hátíð fór fram á Hofsósi 9. júlí sl. í tilefni af 20 ára afmælis Vesturfarasetursins í blíðskapar veðri. Karlakórinn Heimir söng inn hátíðina og Vigdís Finnbogadóttir verndari Vesturfarasetursins og Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra ávörpuðu hátíðargesti. Þá mæltu Robert Fredrickson og Mallory Swanson fyrir munn fólks af íslenskum ættum í Kanada og Bandaríkjunum. Að lokinni dagskrá í Félagsheimilinu Höfðaborg opnaði ráðherra sýninguna „Brasíliufararnir“ í Gamla

Kaupfélaginu við höfnina. Hátíðarhöldunum lauk með kaffiveitingum í Frændgarði. Valgeir Þorvaldsson og kona hans Guðrún Halldóra Þorvaldsdóttir hafa með starfseminni lyft Grettistaki í að segja sögu fólksins sem fór vestur um haf og efla tengslin milli afkomenda þeirra og frændfólksins á Íslandi. Flestir Vestur-Íslendingar þekkja til setursins og ófáir þeirra telja heimsókn á Vesturfarasetrið vera einn af hápunktum Íslandsheimsóknar sinnar. Frá upphafi Snorraverkefnanna hafa þátttakendurnir haft viðdvöl og gist á Hofsósi.



Valgeir og Guðrún ásamt Vigdís Finnbogadóttur



Óðinsgötu 7
101 Reykjavík
Sími: 534-0017
Fax: 562-8296
Netfang: inl@snorri.is
Heimasíða: www.inl.is

VILTU VERA Á
PÓSTLISTA ÞFÍ?
SENDU POST Á
INL@SNORRI.IS



Michelle Valberg á Þjóðræknisþingi

Ljósmyndarinn Michelle Valberg á rætur sínar að rekja til Íslands. Amma hennar og afi í föðurætt voru bæði af íslenskum ættum. Föðuramma hennar var Sigurrós Víglandsdóttir. Víglandur var bóndi í Útey þegar hann fluttist til Kanada árið 1900. Hann var bróðir Trausta Vígússonar en hús Trausta er á minjasafninu í Árborg Manitoba og var fyrsta og elsta húsið sem flutt var þangað.

Föðurafi Michelle var Jón Stefánsson en hann tók sér eftirnafnið Valberg. Jón var frá Brekkukoti í Hólahreppi í Skagafirði. Hann fluttist ungur með foreldrum sínum til Kanada árið 1900.

Foreldrar Michelle, John og Betty Valberg létust bæði árið 2013. John starfaði sem augnskurðlæknir í Ottawa. Michelle er lærður ljósmyndari og hefur haldið fjölmargar sýningar á myndum sínum og hefur auk þess gefið út nokkrar ljósmyndabækur.



Michelle Valberg ljósmyndari

Málþing um KÁINN árið 2017

Akureyringar hafa löngum verið stoltir af rithöfundum sínum og skáldum og í bænum má skoða heimili Nonna, Matthíasar Jochumsonar og Davíðs Stefánssonar. Þar má einnig sjá virðulegar styttnir til heiðurs tveim hinum fyrrnefndu. En ekkert hús og ekkert minnismerki eru til um þekktasta skáldið sem fæddist á Akureyri, Kristján Niels Jónsson, Káinn. Hann fæddist 7. apríl 1860 þar sem nú stendur Aðalstræti 76 og bjó á Akureyri í átján ár, eða þar til hann fluttist til Vesturheims. Þaðan átti hann ekki afturkvæmt en rætur hans lágu á Íslandi og allur kveðskapur sem eftir hann liggur er á íslensku. Káinn skrifaði fyrst og fremst skemmtikvæði og gamanvisur og ásamt Þorbergi Þórðarsyni er hann oft talinn vera eitt besta kímnskáld sem Íslendingar hafa eignast. Engu að síður er það fyrst og fremst vestra sem nafni hans hefur verið haldið á lofti. Hér heima hefur hann hálfpartinn gleymst. Endurútgáfur á Vísnaðbók Káins og plata Baggalúts, Sólskinið í Dakota, með lögum við kvæði Káins, hafa vissulega minnt íslenska bókmenntaunnendur á skáldið en betur má ef duga skal.

Nú vill Þjóðræknisfélag Íslendinga, í samvinnu við stofnanir og einstaklinga, efna til málþings á Akureyri um þetta merka skáld. Áformað er að fá íslenska og erlenda fyrirlesara til að draga upp mynd af skáldinu, ljóðagerð þess og samtíma á Íslandi og í Ameríku, auk þess að fjalla um hvaða erindi ljóð hans eiga við nútíma-manninn. Vonir standa til að síðar verði reistur minnisvarði um Káin í bænum; jafnvel eftirgerð af þeim sem stendur í Norður-Dakóta. Skipaður hefur verið sérstakur undirbúningshópur fyrir verkið sem í eru Hólmkell Hreiðarsson amtsbókavörður, Jón Hjaltason sagnfræðingur, Kristinn Már Torfason, forstöðumaður hjá Akureyrarbæ, og Kristín M. Jóhannsdóttir háskólakennari.

Þeir sem vilja leggja þessu góða málefni lið eru beðnir um að hafa samband við Kristínu M. Jóhannsdóttir (kmj@hi.is).



Minnisvarði um KÁINN